



ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ HAMAR ÁRSSKÝRSLA 2023





Forsíða: Hamar á leið í úrvalsdeild

Ljósmynd: DFS

Prentun: Prentþjónusta Hveragerðis og nágrennis – Sími 866 1510 – prentun@phon.is

Íþróttafélagið Hamar 2023

Fram að aðalfundi 2023 var starfandi stjórn : Silja Runólfsdóttir formaður, Guðjóna Björk Sigurðardóttir gjaldkeri, Dagrún Ösp Össurardóttir ritari, María Rún Þorsteinsdóttir og Þorsteinn T. Ragnarsson meðstjórnendur. Breytingar urðu á aðalfundinum sem haldinn var 26.mars en Silja Runólfsdóttir hætti störfum í stjórn. Við tók Þorsteinn T. Ragnarsson sem formaður og inn kom Hallgrímur Brynjólfsson sem meðstjórnandi.

Íþróttafélagið Hamar líður enn fyrir það að hafa misst hluta af íþróttaaðstöðu og hefur árið 2023 að miklu leyti falist í að koma iðkendum fyrir, bæði í Hveragerði, Þorlákshöfn og Selfossi og víðar. Enn er engin ný íþróttaaðstaða komin upp í Hveragerðisbæ þrátt fyrir kynningar á mögulegri viðbyggingu á íþróttaaðstöðunni sem fyrir er. Eins stendur til byggja upplýstan gervigrasvöll í löglegri stærð fyrir knattspyrnuíðkun. Vonir okkar standa til að þessi vinna öll geti hafist hratt og gengið tafarlítið. Hamar komst í efstu deild karla í körfuknattleik og sameiginlegt lið Hamars/Þórs í Þorlákshöfn stillti fram sterku liði. Blakliðið okkar varð bikarmeistari þriðja árið í röð og var hársbreidd frá Íslandsmeistaratitlinum. Kvennalið blakdeildar tók þátt í Íslandsmóti í 1.deild. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu endaði um miðja deild og hélt því sæti sínu nokkuð örugglega og margir uppaldir framtíðarleikmenn stigu sín fyrstu skref í meistaraflokki. Öflugt yngriflokkastarf er í öllum deildum Hamars, þrátt fyrir þröngan kost í aðstöðumálum. Gott samstarf er að myndast á milli Hamars og Þórs Þorlákshöfn en sem dæmi má nefna að iðkendur í körfu og knattspyrnu eru mismargir í árgöngunum og því hefur það komið sér vel að æfa og keppa saman sem lið Hamars/Þórs. Á haustmánuðum gafst íþróttafélaginu Hamri kostur á því að fjárfesta í lyftingabúnaði, lóðum og öðrum eignum Crossfit Hengils í Hveragerði. Ákveðið var að slá til og fékk íþróttafélagið styrk að hluta til kaupa þessa búnaðar. Þessi viðbót við félagið var fyrst og fremst hugsuð til aukinnar og betri styrktarþjálfunar fyrir iðkendur félagsins auk þess sem lyftingadeild yrði stofnuð sem einblíndi á ólympískar lyftingar og kraftlyftingar. Að auki gæfist almenningi kostur á að sækja tíma hjá nýrri almenningi deild Hamars þar sem æfing dagsins yrði tekin líkt og áður tíðkaðist hjá Crossfit Hengli. Samþykkt var á haustmánuðum í bæjarráði Hveragerðisbæjar að íþróttafélagið tæki yfir aðstöðu í kjallara íþrottahúsinis, þar sem áður var crossfit Hengill. Um áramótin fór sú starfsemi í gang. Lyftingadeild Hamars tekur einnig til starfa eftir áramótin og sömuleiðis Heilsuefning 60+ ára. Fjölgreinaverkefnið heldur áfram við mikla ánægju iðkenda og foreldrar og mikill áhugi er að halda þessu verkefni áfram.

Markvisst hefur verið unnið að því að bæta heimasíðu félagsins en þó er nokkuð langt í að þeirri vinnu væri lokið. Ánægjulegt er að segja frá því að Hveragerðisbær samþykkti með nýrri fjárhagsáætlun að íþróttafélagið gæti ráðið til sín framkvæmdastjóra á árinu 2023. Er fjármagnið tryggt næstu 3 árin. Markmiðið með ráðningunni er meðal annars að íþróttafélagið Hamar verði fyrirmyndarfélag ÍSí.

Fh, stjórnar Hamars í Hveragerði
Þorsteinn Ragnarsson, Guðjóna Björk Sigurðardóttir,
Dagrún Ösp Össurardóttir María Rún Þorsteinsdóttir
og Hallgrímur Brynjólfsson





Ársskýrslur deilda

Að venju segja stjórnir deilda frá árinu sem leið. Stórir áhrifaþættir hafa hafa áhrif á starfið einsog covid og fall íþróttahússins upp í dal. Margt jákvætt skapast þó í erfiðum aðstæðum einsog samvinna, útsjónarsemi og gleði og má segja að það hafi verið leiðarljós Hamars á þessu ári.

Badmintondeild



Ný stjórn Badmintondeildar Hamars 2023-2024 tók við störfum í febrúar 2023. Stjórnina skipa Einar Lyng Hjaltason formaður, Hrund Guðmundsdóttir ritari, Ingibjörg Ösp Gjaldkeri, Ólafur Dór Steindórsson og Hákon Fannar Briem eru meðstjórnendur.

Yfirþjálfari deildarinnar er Róbert Bergmann Eiríksson og stóð hann sig með miklu þrýði við áfram erfiðar aðstæður til iðkunar á íþróttinni í Hveragerði. Iðkendafjöldinn er í sókn en því miður getum við ekki aukið við iðkendafjölda og höfum þurft að neita börnum og unglingum frá Árborg og Selfossi um að æfa með okkur vegna aðstöðuleysis í Skólamörk en þar eru allir gólf tímar fullir og biðlisti eftir lausum tímum. Núna æfa 30 krakkar saman á fjórum völlum og ekki er hægt að aldurs- eða getuskipta hópnum sem er nauðsynlegt til að halda unglingunum við efnið.

Krakkarnir æfðu vel yfir sumarið bæði inni og úti og var þá hægt að gefa aðeins í þar sem rýmkaðist um tímana í húsinu. Sömuleiðis fengu þau heimanám með allskonar æfingum og þælingum sem þau þurftu að skila inn og höfðu allir gagn og gaman af.

Hrund Guðmundsdóttir var í kjöri til Íþróttamanns Hveragerðis 2023 en verðlaun voru afhent í Listasafni Árnesing á janúar. Úlfur Þórhallsson fékk viðurkenningu fyrir að vera valinn í landsliðshóp BSÍ veturinn á undan. Hrund fékk silfur í tvennarleik á Meistaramóti Íslands og tvö silfur í Íslandsmóti öldunga í tvíliða og tvenndarleik. Úlfur vann silfur á unglingameistaramóti Íslands og sömuleiðis fékk Rakel Rós Guðmundsdóttir silfur í U15 á sama móti.

Keppnishópurinn okkar fær bara eina æfingu á viku með öðrum trimmurum en það stóð samt ekki í vegi fyrir því að Hamar tók þátt í 2. Deild í Deildakeppni BSÍ og var fyrsta umferð vetursins spiluð í desember á móti BH og fór hún fram í Mosfellsbæ. Hamar tapaði viðureigninni í þetta skipti. Við ætlum að vera áfram með og vonandi fáum við sér tíma fyrir okkar keppnisfólk fljótlega í nýju húsnæði og getum þá sömuleiðis endurvakið vinsælu fjölskyldutímana okkar.



Fjárafánir hafa verið þónokkrar - við fórum í tvær dósasafnanir á árinu 2023

og tókum þátt í stóra ruslatunnuverkefninu ásamt öðrum deildum hamars. Dósasafnanirnar renna 100% beint í barnastarfið og hefur deildin niðurgreitt öll mótsgjöld fyrir alla iðkendur sína og sömuleiðis gefið boli og badmintonspaða þeim sem þurfa. Við eigum algjörar gersemar í sjálfbóðaliðateyminu okkar. Bæði foreldrar og iðkendur sem eru tilbúin að standa vaktina með okkur hvort sem það eru dósasafnanir eða línuvarsla á alþjóðlegum mótum en fyrir þá vinna fáum við yfirleitt badmintonkúlur frá BSÍ til notkunar á æfingunum okkar.

Kjörís og Hótel Örk styrkja krakkana sem spila með merkin þeirra á keppnistreyjunum og eiga þessi fyrirtæki kærar þakkið skilið.

Róbert fór með krakkana á fjölda móta út um allar trissur og í hvert skipti komu medalíur eða bikarar til baka yfir heiðina. Við státum af stærsta U15 hópi af stelpum á landinu og eigum við nú orðið nokkra unglinga sem keppa í A mótum eftir að hafa unnið öll sín B mót veturinn á undan. Úlfur Þórhallsson, Hrund Guðmundsdóttir og Þórhallur Einisson aðstoða Róbert þegar mest er að gera á mótunum en stundum hefur Hamar átt keppendur á öllum völlum sem spilað er á í einu. Úlfur aðstoðar Róbert einnig með yngstu spilarana í 1. og 2. bekk.

Badmintondeild Hamars vonar að húsnæðisvandi okkar leysist sem fyrst því duglegu krakkarnir okkar eiga svo sannarlega skilið að geta stundað sína íþrótt við bestu aðstæður og vonandi getum við tekið við fleiri iðkendum sem fyrst.

F.h Badmintondeildar Hamars
Hrund Guðmundsdóttir.





Blakdeild



Stjórn blakdeildar Hamars árið 2023 skipuðu Hafsteinn Valdimarsson (formaður), Bryndís Sigurðardóttir (gjaldkeri), Ragnheiður Kristinsdóttir, Guðmundur Vignir Sigurðsson og Hilmar Sigurjónsson.

Árið 2023 var mjög gott blakár fyrir blakdeild Hamars, iðkenndum hefur fjölgað jafnt og þétt í öllum flokkum og hefur verið sérstaklega gaman að sjá hversu mikið krökkunum hefur fjölgað hjá okkur en við náðum þeim skemmtilega áfanga í haust að senda lið í U-16 flokki karla á Íslandsmót.

Hamar sendi tvö lið til leiks á HSK mótið á síðasta ári og endaði Hamar sem tvöfaldur HSK meistari á síðasta ári þar sem bæði liðin okkar tóku sig til og sigruðu mótið. Virkilega vel gert hjá báðum liðum og verður gaman að fylgjast með því hvort að þau nái að endurtaka leikinn í vor.

Karlalið Hamars tók þátt í efstu deild og átti mjög gott ár þeir urðu bikarmeistarar í mars og deildarmeistarar í apríl. Íslandsmeistaratitillinn rann liðinu þó úr greipum en eftir hörkueinvígi við KA menn þá þurfti liðið að lúta í lægra haldi og varð silfur niðurstaðan. Lið Hamars er þó í góðri stöðu í ár, er efst í deildinni og leikur næstkomandi föstudag í undanúrslitum Kjörísbikarsins og stefnir liðið á að vinna alla þá titla sem í boði eru í ár. Hamar telfdi einnig fram kvennaliði á Íslandsmóti í þriðju deild kvenna á síðasta tímabili stóð liðið sig mjög vel og endaði í 4. sæti deildarinnar. Í ár tók liðið þó enn eitt skrefið fram á við og skráði sig í 1. Deild þar sem gengið hefur verið mjög gott og situr liðið í 5. sæti deildarinnar þegar þetta er skrifað. Liðið tók einnig þátt í Kjörísbikarnum þar sem liðið vann einn leik áður en það tapaði fyrir úrvalsdeildarliði Próttar R.



BLÍ tilkynnti eftir tímabilið hvaða leikmenn hefðu staðið sig best að mati fyrirliða og þjálfara úrvalsdeildanna. 2 Hamarsmenn hlutu verðlaun og voru í liði ársins: Hafsteinn (miðja) og Ragnar Ingi (liberó). Kristján var síðan valinn íþróttamaður Hamars árið 2023.

Þjálfari Hamars var eins og á síðasta ári Tamas Kaposi og hefur hann haldið áfram góðu starfi frá því á síðasta ári. Sést það á öllum bikurunum sem hafa komið í hús ásamt því að mikil aukning hefur verið á iðkenndum síðastliðið ár eins og nefnt var að ofan.

Krakka og unglingastarfið er einnig í fullum gangi og sendum við tvö lið til leiks á HSK mót í apríl. Bæði lið stóðu sig frábærlega og var strákaliðið okkar í fjórða sæti á meðan stelpurnar gerðu enn betur og náðu í annað sæti á mótinu. Sannarlega frábær árangur og ljóst að framtíðin er björt hjá þessum krökkum. Við höldum áfram að bæta krakkastarfið og stefnum á bæði HSK mót og íslandsmót í lok tímabils og ætla krakkarnir sér stóra hluti.

Það er nóg framundan hjá deildinni en stjórnin hefur haft í nægu að snúast síðasta árið og nóg af spennandi verkefnum framundan. Íslands-mótið og bikarkeppnin er enn í fullum gangi og þar ætla Hamarsmenn sér að vinna alla titla sem í boði eru. Einnig er Öldungamót og Kjörismót framundan og því ljóst að það er nóg af skemmtilegum verkefnum sem bíða blakara á komandi ári.

Samstarf stjórnarinnar gekk vel á árinu og fundaði stjórnin reglulega. Vilja þau þakka iðkenndum, þjálfurum, foreldrum og öðrum sem komið hafa að starfi deildarinnar fyrir samstarfið síðastliðið ár og hlakka til komandi verkefna á nýju starfsári.





Fimleikadeild



Þjálfarar á árinu 2023 voru Aníta Líf Aradóttir, Elín Ösp Grétarsdóttir, Elísa Mist Benediktsdóttir, Hekla Björt Birkisdóttir, Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir, Íris Eypórsdóttir, Jamie Elizabeth Ægisdóttir og Nína Þöll Birkisdóttir. Þá hafa þjálfarar deildarinnar staðið sig framúrskarandi vel við erfiðar aðstæður deildarinnar, en aðstöðuleysi hefur sett ákveðinn svip á starfið og þjálfarar með eindæmum lausnamiðaðir. Fimleikadeildin er aftur á móti orðin langeygð eftir aðstöðu í heimabyggð og er það mikilvægt fyrir framtíð fimleikadeildarinnar og íþróttafélagið Hamar að eitthvað fari að skýrast í þeim málum.

Í haust var stofnað foreldraráð og það eru þær Sandra Sigurðardóttir og Stefanía Inga Sigurjónsdóttir. Þær halda utan um fjáraflanir elsta keppnishópsins sem stefnir á æfingaferð erlendis 2025.

Helgina 4. – 5. febrúar átti fimleikadeildin tvö lið sem kepptu á GK mótinu í hóp fimleikum sem fram fór í Egilshöll. Annað liðið keppti í A-deild í 4. flokk í hóp fimleikum og lenti í 9. sæti og stóð sig ótrúlega vel í þessari erfiðu deild. Hitt liðið keppti í stökkfimi yngri og lenti í 10. sæti en þar sem þær kepptu ekki með dans þá urðu samanlögð stig eftir því, en engu að síður sýndu þær flottar æfingar bæði á trampólíni og dýnu (þar sem þær voru í 3. sæti). 9. febrúar var fimleikadeildin með dósasöfnun.

Helgina 13. – 14. maí sendi fimleikadeildin tvö lið á



vormótið í hóp fimleikum sem haldið var í Gróttu. Annað liðið keppti í stökkfimi yngri og endaði í 2. sæti samanlagt eftir frábærar æfingar á öllum áhöldum. Hitt liðið keppti í 4. flokk í hóp fimleikum í A-deild og hækkaði sig um eitt sæti á frá síðasta móti eða 8. sæti samanlagt.

Þann 15. maí fóru keppnishópar í skemmtiferð til Reykjavíkur þar sem farið var með rútu í Skopp og síðan farið að borða á Shake and pizza. Vorönn 2023 lauk 3. júní með fimleikaslútti í íþróttahúsinu. Sett var upp stór þrautabraut þar sem iðkendur fengu að leika frjást. Síðan var boðið upp á Aldisi og iðkendur fengu heimsókn frá Benedikt búałfi.

5. júlí var haldin dósasöfnun. Haldin voru sumarnámskeið í júní en þar sem þátttakan var ekki góð þá var ákveðið að vera ekki með námskeið í ágúst. Undanfarin ár hafa námskeiðin verið fyrir keppnishópa en þar sem aðstaða til fimleikaiðkunar er af skorum skammti hér í bæ þá virðist það vera farið að hafa áhrif á skráningar deildarinnar á þessi námskeið.

Helgina 7. – 8. október tók fimleikadeildin þátt í stórrí fjáröflun sem Hamri bauðst þar sem verið var að setja saman og dreifa nýjum ruslatunnum. Verkefnið gekk ótrúlega vel og kláraðist á undan áætlun.

Þann 18. nóvember átti Hamar lið á Haustmóti í stökkfimi sem fram fór í Mosfellsbæ. Liðið samanstóð af níu stúlkum á aldrinum tíu til ellefu ára. Stelpurnar stóðu sig glæsilega og urðu í fyrsta sæti á mótinu. Dansinn var það áhald sem stóð upp úr en dýna og trampólín gekk einnig mjög vel. Haustönnin endaði með því að allir hópar fengu mandarínur eða piparkökur og mjólk, fóru í leiki og áttu saman góða stund á sinni síðustu æfingu fyrir jólafrí. Þá var einnig í boði að mæta með jólahúfu og í náttfötum.

Æfingar á árinu hafa gengið mjög vel, keppnishópar sóttu sínar æfingar til Þorlákshafnar en leikskólahópar voru í íþróttahúsinu í Hveragerði. Fimleikadeildin er ótrúlega stolt af þessum frábæru stelpum sem fara með rútu þrisvar sinnum í viku til þess að stunda sína íþrótt í öðru bæjarfélagi. Leikskólahóparnir eru alltaf fullir og vel sóttir enda alltaf mikið fjör á þeim æfingum.





Knattspyrnudeild



Á aðalfundi félagsins í febrúar 2023 voru kosin í stjórn: Hlynur Kári Michelsen formaðurstjórnar og meistaraflokka, Berglind Sigurðardóttir ritari, Eydís V. Valgarðsdóttir formaður BUR, Kolbrún Tanja E

ggertsdóttir meðstjórnandi og gjaldkeri BUR, Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir, Guðmundur Benediktsson og Sara Margrét Hammer meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri deildarinnar var Unnar Magnússon. var Unnar Magnússon.

Um sumarið sagði framkvæmdastjóri upp störfum og formaður sagði af sér skömmu síðar sem og ritari. Stjórnin stóð því uppi töluvert löskuð yfir háannatíma deildarinnar. Við sem eftir sátum leituðum aðstoðar Aðalstjórnar Hamars sem hvatti okkur áfram og studdi. Í ágúst 2023 var haldinn auka aðalfundur og ný stjórn kosin. Í stjórn Knattspyrnudeildar Hamars nú eru Eydís V. Valgarðsdóttir formaður, Helga Dögg Snorradóttir ritari, Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir formaður BUR, Kolbrún Tanja Eggertsdóttir meðstjórnandi og gjaldkeri BUR, Kolbrún Ósk Guðmundsdóttir formaður meistaraflokka, Bjarni Haukdal Vilhjálmsson, Guðmundur Benediktsson, Linda Dögg Guðmundsdóttir og Sara Margrét Hammer meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri deildarinnar er Tómas Ingi Tómasson.

Árið hefur gengið upp og ofan hjá Knattspyrnudeild Hamars. Sem fyrr segir urðu breytingar á stjórn deildarinnar á miðju ári. Gott fólk lét af störfum og annað gott fólk kom inn í staðinn. Deildin er rekin að mestu leiti í krafti sjálfbóðaliða og er það ómetanlegt afl fólks sem heldur úti öflugum starfi í krefjandi aðstæðum. Auk sjálfbóðaliða starfa við deildina okkar frábæru þjálfarar sem gera starfið mögulegt og Tómas Ingi framkvæmdastjóri sem er góður liðsauki og hefur það skipt sköpum fyrir deildina að fá hann til starfa.

Deildin býr enn við mjög takmarkaða aðstöðu og hefur mikill tími og orka farið í að finna lausnir á þeim vanda. Við höfum náð að halda í okkar góða grunn af þjálfurum en jafnframt fengið nýja frábæra til liðs við okkur. Þrátt fyrir allt hafa iðkendur og þjálfarar ekki látið undan og eiga lof skilið fyrir. Góð stjórn og góð

teymisvinna skiptir öllu máli og það er það sem þessi stjórn hefur. Við höfum tæklað þetta saman af einstakri jákvæðni, þolinmæði, seiglu og elju. Við munum halda áfram að berjast fyrir betri aðstöðu fyrir iðkendur.

Rekstur deildarinnar hefur gengið vel. Deildin skipulagði fjáraflanir; Herrakvöldið og hélt tvö Kjörismót. Jafnframt tók deildin þátt í fjáröflunum, s.s. dósasöfnun og Hengill ultra hlaupinu. Svo eru það velunnarar deildarinnar, bæði fyrirtæki og einstaklingar sem hafa lagt fjármuni og/eða afl til liðs við deildina svo hægt er að halda áfram að efla starf hennar. Við færum þeim okkar bestu þakkir fyrir.



Yngri flokkar

Starf yngri flokka hefur gengið vel. Brottfall hefur verið lítið og fjöldi iðkenda er meiri nú en í fyrra svo deildin er enn í vexti. Mikið hefur verið lagt í að efla starf yngri flokka en m.a. héldu markmannsæfingar áfram og styrktaræfingum var bætt við. Samstarf hófst við Ægi í Þorlákshöfn til þess að styrkja lið beggja félaga og mæta þörfum iðkenda. Samstarfið hefur gengið mjög vel og þökkum við fyrir það.

Deildin hefur, síðan aðstaðan hvarf á einni nóttu, hlotið einhverja hnekki en sérstaklega í kvennaboltanum. Á síðasta ári missti deildin ansi stóran hóp úr 3. og 4. fl. kvk með þeim afleiðingum að það náðist að halda í lítinn 3. fl. en ekki í 4. fl. Þegar svona stórt skarð er hoggið í starfið þarf mikið til að bæta úr. Í haust fór ágætlega stór hópur stúlkna upp á yngra ár í 4. fl. og hafa þær náð í lið, með aðstoð 5. fl. Jafnframt hefur tekist að halda úti sameiginlegu starfi í 2. og 3. fl. kvk þó ekki hafi náðst í lið til þátttöku á mótum innan KSÍ. Þær eru að æfa af miklum áhuga og er mikilvægt að geta boðið upp á þjálfun í þessum flokkum. Bæði til að brúa bilið upp í meistaraflokk kvenna, sem vonir standa sannarlega til að verði stofnaður aftur sem og er mikilvægt að stelpur í yngri flokkum deildarinnar hafi framtíðarsýn innan Hamars og fyrirmyndir til að líta upp til.

Allir flokkar fóru á stóru mót sumarsins en á mótunum öðlast iðkendur dýrmæta reynslu og minningar sem efla þau í leik og starfi. Allir okkar iðkendur stóðu sig með stakri þrýði og gerðu sitt besta. Nokkrum atriðum bera að hampa, en í júní fór 7. fl. kvk á Nettómótið í Keflavík og hlaut þar háttvísisverðlaun mótsins. Stelpurnar í 5. fl. kvk fóru á TM mótið í Vestmannaeyjum og spiluðu í tveimur liðum. Bæði lið komu heim með bikar, Bergeyjarbikarinn og Álseyjarbikarinn. Auk þess var Telma Svava Andrésdóttir fulltrúi Hamars í TM Mótsliðinu og skoraði glæsilegt skallamark. Strákarnir í 6. fl. kk fóru á Orkumótið í Vestmannaeyjum og var Ingvar Marel Hafsteinsson fulltrúi Hamars/Ægis í Landsliðinu. Í júlí hélt 5. fl. kk á N1 mótið á Akureyri og landaði þar 2. og 3. sæti. Í sumarlök hampaði svo 3. fl. kk sigri í sínum riðli á Íslands-mótinu. Síðast en ekki síst bárust þær fréttir fyrir skemmstu að Brynjar Óðinn Atlason í 3. fl. kk náði inn í keppnishóp U15. Glæsilegur árangur hjá þessum flotta strák sem hefur lagt mikið á sig.

Við getum státað okkur að frábærri uppskeru látlausra æfinga og góðrar þjálfunar hjá okkar fólki þar sem hver einstaklingur skiptir máli.

Framtíðin er björt!



Meistaraflokkar

Meistaraflokkur karla fékk nýjan þjálfara fyrir sumartímabilið þegar Yngvi Borgþórsson hóf störf hjá Hamar. Liðið keppti í 4. deild og var gengi þeirra gott en þeir náðu þrátt fyrir hrakspár að halda sér í deildinni. Flokkurinn sótti sér nokkra leikmenn sem voru frábær viðbót við liðið. Flokkurinn sá um dómgæslu á seinna Kjörismótinu og heppnaðist það einstaklega vel. Undirbúningur er hafinn fyrir komandi tímabil og mun Yngvi halda áfram að þjálfra strákana.

Meistaraflokkur kvenna vann háttvísisverðlaun KSÍ í febrúar á síðasta ári. Liðið hafði árið á undan spilað í 2. deild og staðið sig með þrýði innan vallar sem utan. Því miður náðist ekki að halda úti meistaraflokki kvenna fyrir síðasta tímabil en það er í stöðugri skoðun.

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að iðkendur hafi fyrirmyndir að líta upp til og er áhersla á að deildin státi sig af iðkendum á öllum aldri því það er mikilvægt að geta þroskast og vaxið með félaginu.

Knattspyrnudeild Hamars lítur björtum augum á framtíðina með öflugum iðkendum innanborðs og vonum við að deildin fái viðunandi aðstöðu til knattspyrnuíðkunar sem allra fyrst. Það er einstakri þolinmæði og seiglu iðkenda, þjálfara og sjálfboðaliða að þakka að við getum státað okkur að því að iðkenda fjöldi hafi aukist þrátt fyrir að hafa misst okkar megin-æfingaaðstöðu en með uppbyggingu á nýjum vettvangi til knattspyrnuíðkunar er framtíð knattspyrnudeildar Hamars bjartari sem aldrei fyrr.

Þökkum fyrir liðið ár,

Stjórn Knattspyrnudeildar Hamars



Körfuknattleiksdeild



Í stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2023 voru Kristinn Ólafsson formaður, Ívar Guðjónsson fulltrúi frá meistaraflokksráði karla, Íris Ásgeirsdóttir fulltrúi frá yngri flokkaráði og Bjarney Sif Ægisdóttir fulltrúi frá meistaraflokksráði kvenna. Þessi þrjú ráð störfuðu að mörgu leyti sem sjálfstæðar einingar með aðskilinn fjárhag og ráð.

Iðkendur yngri flokka körfuknattleiksdeildar Hamars voru um 150 samkvæmt skráningu hjá sportablar. Fjölgreinauverkefnið hjá 1. og 2. Bekk hélt áfram að vaxa ásamt eldri flokkunum sem héldu sínum fjölda og verða sterkari með hverju árinu. Starf yngri flokka inniheldur flokka frá 1. bekk upp í 10. bekk ásamt því að í samstarfi með Þór Þorlákshöfn er 12. Flokkur starfræktur í bæði drengja og stúlknaflokki. Einnig er samstarf með Þór í nokkrum yngri flokkum. Samstarfið virkar þannig að okkar iðkendur frá 5 bekk og uppúr æfa 1x í viku saman í Þorlákshöfn og 1x í viku saman í Hveragerði og keppa saman. Haustið 2023 var unnið að því að fjárafla til þess að geta boðið iðkendum ódýra nýja búninga og bauðst þeim að kaupa búning á 5000 krónur þar sem góðir styrktaðilar studdu þetta mikilvæga verkefni í starfinu. Einnig hefur yngri flokka ráð staðið fyrir dósasöfnunum og selt crocsmerki með Hamarslogoinu til þess að fjárafla fyrir starf yngri flokkanna.

Meistaraflokkur kvenna spilaði í 1. deild kvenna árið 2023 undir merkjum Hamar-Þór og var í samstarfi þessara tveggja félaga. Vorið 2023 endaði liðið í 5. sæti 1. deildarinnar og komst því ekki í úrslitakeppni eins og liðið hafði stefnt að, en 1. deildin var jöfn og mjög sterk þetta tímabil. Þetta tímabil, vorið 2023, endaði þó á frábæran hátt því að 12. flokkurinn sem að samanstendur að mestu af leikmönnum meistaraflokks endaði tímabilið 2022-23 sem Íslandsmeistarar eftir jafnar og spennandi viðureignir við Fjölni í undanúrslitum og KR í úrslitum. Það er líka gaman að segja frá því að margir leikmenn meistaraflokks kvenna hjá Hamar-Þór voru valdir í yngri landsliði Íslands sumarið 2023, þær Helga María, Emma Hrönn og Hildur Björk voru valdar í u-18 ára landsliðið og Emma Hrönn svo kölluð einnig inn í u-20 ára landsliðið. Jóhanna Ýr var valin í u-16 ára landsliðið. Haustið 2023 fór nýtt tímabil af stað og um áramót sat liðið í 4.-5. Sæti 1. deildarinnar. Deildin er mjög jöfn og spennandi og keppnin um sæti í úrslitakeppni



er gríðarlega hörð. Eitt lið fer beint upp um deild og sæti 2-4 leika við neðsta lið subway deildar um sæti í Subway deildinni næsta ár.

Árið 2023 var viðburðarríkt ár hjá meistaraflakki karla. Liðið byrjaði árið í næst efstu deild og var í harðri baráttu um að tryggja sér sæti í efstu deild. Að lokum fór svo að liðið endaði í 2.sæti 1. deildarinnar og tryggði sér þar með heimavallarétt í úrslitakeppninni. Fyrst voru það Fjölnismenn sem voru andstæðingar Hamars, en Hamri tókst að vinna það einvígi 3-1 og mætti því Skallagrími í lokaúrslitum um laust sæti í efstu deild. Hápunktinum var náð þann 24. apríl í oddaleik í Frystikistunni, þar sem Hamar tryggði sér sæti í úrvalsdeild fyrir framan troðfullann sal af fólki.

Ljóst var að mikill og erfið vinna tæki við til þess að setja saman samkeppnishæft lið í efstu deild, en munurinn á milli deildanna er mikill bæði í kostnaði og allri umgjörð. Haustið 2023 hófst keppni hjá meistaraflakki karla í efstu deild, en segja má að skrefið hafi verið of stórt í þetta skiptið, þar sem liðinu hefur ekki ennþá tekist að sigra leik og er nú orðið ljóst að liðið leiki í næst efstu deild aftur í haust.

Af þessari upptalningu má sjá að blómlegt starf er í gangi hjá körfuknattleiksdeild Hamars, með marga og öfluga yngri iðkendur sem fer sífellt fjölgandi ásamt því að eiga öflug meistaraflakkslið karla og kvenna. Það verður því gaman að fylgjast með starfinu halda áfram að vaxa á næstu árum.





Sunddeild

Síðasti aðalfundur sunddeildar Hamars var haldinn þann 24. janúar 2023. Pétur Guðmundsson vék þá úr stjórn og við tók stöðu hans sem meðstjórnandi Laufey Sif Lárusdóttir. Á síðasta aðalfundi fékk Vilhelmína Sigurðardóttir viðurkenningu fyrir góðar framfarir og ástundun í sundinu.

Hitastig sundlaugarinnar var enn og aftur að stríða okkur á þessu ári en Hveragerðisbær gerði að lokum við gufulögnina og 7-9-13 þá lagaðist hitastig sundlaugarinnar mikið við það og fyrir það ber að þakka.

Iðkendur sunddeildar Hamars voru á síðasta ári, lítill en frábær hópur af krökkum sem iðka sundíþróttina af miklu kappi. Krakkarnir standa sig gríðarlega vel á æfingum og bæta sína færni í sundinu jafnt og þétt. Magnús Tryggvason þjálfari sér eins og venjulega um alla þjálfun í deildinni. Á síðasta ári voru þrír flokkar af iðkendum í sunddeildinni. Flugfiskarnir eru hluti að fjölgreinaþjálfun Hamars sem eru krakkar í 1. og 2. bekk og var stór hópur þeirra sem mætti 1x í viku á æfingar. Selir eru krakkar í 3. – 5. bekk og höfrungar eru elstu krakkarnir frá 6. bekk og upp úr.



Þrenn sundmót voru haldin hjá HSK. Aldursflokkmót var haldið á Hvolsvelli í apríl og áttum við nokkra þátttakendur þar. Við héldum Héraðsmót HSK hér í Laugaskarði í lok maí og þar kepptu nokkrir af okkar iðkendum. Í desember var haldið Unglingamót HSK á Selfossi og áttum við þar einn fulltrúa af yngri kynslóðinni.



Á öllum þessum mótum stóðu krakkarnir okkar sig gríðarlega vel og náðu að bæta sig persónulega í sundinu.

Við vorum með páska-sund og svo skelltum við okkur í vorferð þar sem leiðin lá í keilu. Sumarslúttið var haldið í júní í samstarfi við Sunddeild Selfoss hér í Laugaskarði þar sem Wibit-brautin var nýtt vel. Kertasundið var einnig loks haldið í desember.

Fjáraflanir hafa gengið brösuglega en á síðasta ári náðist aðeins ein dósasöfnun og einnig var tekið þátt í tunnuaafhendingu hjá Hamri.

Það er ekki sjálfgefið að halda úti starfi deilda í íþróttafélagi. Við höfum verið heppin með marga sem koma að okkar sunddeild svo við getum boðið upp á sundæfingar hér í Hveragerði.

Starfsfólk sundlaugarinnar í Laugaskarði er öflugur stuðningur á kantinum og færum við þeim sérstakar þakkir fyrir að vera alltaf til staðar fyrir sunddeildina.



ÁRSREIKNINGAR
AÐALSTJÓRNAR HAMARS
OG DEILDA 2023



Ársreikningur Badmintondeild

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		658.476	754.854
Styrkur frá Hamar		2.622.652	1.768.866
Fjáröflun		698.160	154.757
Tekjur samtals:		<u>3.979.288</u>	<u>2.678.477</u>
Rekstrargjöld			
Áhaldakaup		0	0
Kostnaður vegna fjáröflunar		106.548	23.400
Þjálfunarkostnaður		2.353.559	1.215.887
Ferðakostnaður		5.000	10.000
Búningakaup		65.210	273.520
Námskeiðskostnaður		0	36.390
Þátttaka í mótum		679.228	248.295
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		20.290	0
Þjónustu- og vaxtagjöld		6.630	0
Annar rekstrarkostnaður		16.247	0
Afskriftir		31.493	33.150
Gjöld samtals:		<u>3.284.205</u>	<u>1.840.642</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>695.083</u>	<u>837.835</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		26.991	4.673
Fjármagnsgjöld		(8.140)	(1.031)
		<u>18.851</u>	<u>3.642</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>713.934</u>	<u>841.477</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Tækjaeign	598.358	629.850
Viðskiptakröfur	60.000	60.000
Bankareikningur 1	2.990.167	2.250.666
Bankareikningur 2	1.946	1.843
Bankareikningur 3	1.975	1.938
Eignir	3.652.446	2.944.297

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	2.799.714	1.958.237
Hagnaður (tap) ársins	713.934	841.477
Eigið fé	3.513.648	2.799.714
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	138.798	144.583
	138.798	144.583
Skuldir	138.798	144.583
Eigið fé og skuldir	3.652.446	2.944.297



Ársreikningur Blakdeild – Úrvalsdeild

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Styrkir og gjafir		4.068.243	3.035.535
Styrkur frá Hamar		1.607.720	1.930.977
Tekjur af mótahaldi		399.879	232.072
Fjáröflun		296.976	0
Aðrar tekjur		0	1.461.433
Tekjur samtals:		<u>6.372.818</u>	<u>6.660.017</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		49.770	0
Kostnaður vegna fjáröflunar		0	170.547
Þjálfunarkostnaður		3.606.319	4.489.187
Ferðakostnaður		579.875	671.399
Búningakaup		230.890	0
Aðildagjöld		418.776	0
Þátttaka í mótum		0	385.780
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		52.621	0
Þjónustu- og vaxtagjöld		7.887	0
Annar rekstrarkostnaður		1.880.424	139.143
Gjöld samtals:		<u>6.826.562</u>	<u>5.856.056</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>(453.744)</u>	<u>803.961</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		10.993	1.863
Fjármagnsgjöld		0	(6.573)
		10.993	(4.710)
Hagnaður (tap) ársins		<u>(442.751)</u>	<u>799.251</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	647.949	1.228.252
Bankareikningur 1	369.304	686.949
Eignir	1.017.253	1.915.201

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	1.099.313	300.062
Hagnaður (tap) ársins	(442.751)	799.251
Eigið fé	656.562	1.099.313
Skammtímaskuldir		
Ógreitt vegna starfsmanna	0	666.398
Aðrar skammtímaskuldir	360.691	149.490
	360.691	815.888
Skuldir	360.691	815.888
Eigið fé og skuldir	1.017.253	1.915.201



Ársreikningur Blakdeild – yngri flokkar

Blak yngri flokkar Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		1.312.079	1.337.265
Styrkir og gjafir		242.500	339.433
Styrkur frá Hamar		2.249.319	821.777
Tekjur af mótahaldi		295.502	167.850
Fjáröflun		296.976	385.833
Tekjur samtals:		<u>4.396.376</u>	<u>3.052.158</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		364.009	176.334
Áhaldakaup		222.014	
Kostnaður vegna fjáröflunar		16.002	0
Þjálfunarkostnaður		2.598.481	2.664.294
Búningakaup		178.200	0
Þátttaka í mótum		251.000	0
Annar rekstrarkostnaður		82.418	277.918
Gjöld samtals:		<u>3.712.124</u>	<u>3.118.546</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>684.252</u>	<u>(66.388)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		13.386	1.560
Fjármagnsgjöld		(15.940)	(9.476)
		(2.554)	(7.916)
Hagnaður (tap) ársins		<u>681.698</u>	<u>(74.304)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	410.691	476.226
Bankareikningur 1	1.920.509	1.474.256
Bankareikningur 2	172.819	26.749
Bankareikningur 3	113.543	111.256
Eignir	2.617.562	2.088.487

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	249.726	324.030
Hagnaður (tap) ársins	681.698	(74.304)
Eigið fé	931.424	249.726
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	992.949	1.228.252
Ógreitt vegna starfsmanna	693.189	610.509
	1.686.138	1.838.761
Skuldir	1.686.138	1.838.761
Eigið fé og skuldir	2.617.562	2.088.487



Ársreikningur Fimleikadeild

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		4.891.252	4.410.279
Styrkur frá Hamar		4.871.994	3.421.379
Fjáröflun		636.434	788.560
Tekjur samtals:		<u>10.399.680</u>	<u>8.620.218</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		0	215.000
Áhaldakaup		423.647	375.080
Kostnaður vegna fjáröflunar		154.171	57.841
Þjálfunarkostnaður		6.867.457	6.639.428
Búningakaup		31.550	75.065
Aðildagjöld		265.950	434.913
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		80.585	128.518
Þjónustu- og vaxtagjöld		11.475	2.730
Annar rekstrarkostnaður		417.716	331.489
Afskriftir		338.594	356.415
Gjöld samtals:		<u>8.591.145</u>	<u>8.616.479</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>1.808.535</u>	<u>3.739</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		54.174	4.445
		54.174	4.445
Hagnaður (tap) ársins		<u>1.862.709</u>	<u>8.184</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Tækjaeign	6.433.288	6.771.882
Bankareikningur 1	4.635.890	2.546.384
Bankareikningur 2	1.891	1.855
Bankareikningur 3	486.334	476.976
Bankareikningur 4	119.979	8.105
Eignir	11.677.382	9.805.202

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	8.493.331	8.485.147
Hagnaður (tap) ársins	1.862.709	8.184
Eigið fé	10.356.040	8.493.331
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	0	500.000
Leiðrétt samkvæmt bókhaldi	1.321.342	
	1.321.342	500.000
Skuldir	1.321.342	500.000
Eigið fé og skuldir	11.677.382	8.993.331



Ársreikningur Knattspyrnudeild – Meistaraflokkar karla og kvenna

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Styrkir og gjafir		4.799.731	4.815.455
Styrkur frá Hamar		1.135.400	2.200.000
Tekjur af mótahaldi		0	1.478.920
Fjáröflun		2.444.907	3.941.890
Aðrar tekjur		0	116.375
Tekjur samtals:		8.380.038	12.552.640
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		880.950	0
Áhaldakaup		451.834	332.755
Kostnaður vegna fjáröflunar		473.403	1.221.975
Þjálfunarkostnaður		1.136.000	4.360.400
Starfsmannakostnaður		0	266.000
Slysatryggingar starfsfólks		18.107	16.700
Ferðakostnaður		156.288	1.994.054
Búningakaup		148.188	0
Aðkeypt vinna		1.872.114	150.000
Sjúkrakostnaður		288.589	223.070
Dómarakostnaður		17.000	20.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		24.680	27.604
Þjónustu- og vaxtagjöld		21.590	90.712
Annar rekstrarkostnaður		1.018.092	1.053.655
Afskriftir			
Gjöld samtals:		6.506.835	9.756.925
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		1.873.203	2.795.715
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		57.080	4.046
Fjármagnsgjöld		0	(891)
		57.080	3.155
Hagnaður (tap) ársins		1.930.283	2.798.870

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	888.093	889.593
Bankareikningur 1	5.229.041	2.087.913
Bankareikningur 2	17.504	1.228.425
Bankareikningur 3	1.576	
Eignir	6.136.214	4.205.931

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	4.205.931	1.407.061
Hagnaður (tap) ársins	1.930.283	2.798.870
Eigið fé	6.136.214	4.205.931
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	0	0
	0	0
Skuldir	0	0
Eigið fé og skuldir	6.136.214	4.205.931



Ársreikningur Knattspyrnudeild – yngri flokkar

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		15.026.541	7.149.367
Styrkir og gjafir		1.366.258	270.005
Styrkur frá Hamar		4.315.611	3.216.872
Tekjur af mótahaldi		2.079.450	4.859.802
Fjáröflun		1.796.302	1.046.679
Aðrar tekjur		410	255.446
Tekjur samtals:		<u>24.584.572</u>	<u>16.798.171</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		673.194	717.877
Áhaldakaup		225.139	383.989
Kostnaður vegna fjáröflunar		90.385	469.657
Þjálfunarkostnaður		12.653.371	12.542.270
Ferðakostnaður		158.617	59.000
Búningakaup / Skráningagjafir		271.813	79.857
Greiddur styrkur til meistaradeildar		0	1.487.796
Dómarakostnaður		104.000	20.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		48.455	71.400
Þjónustu- og vaxtagjöld		10.662	28.418
Annar rekstrarkostnaður		1.720.865	797.976
Gjöld samtals:		<u>15.956.501</u>	<u>16.658.240</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>8.628.071</u>	<u>139.931</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		<u>127.850</u>	<u>17.794</u>
		127.850	17.794
Hagnaður (tap) ársins		<u>8.755.921</u>	<u>157.725</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	370.878	179.181
Bankareikningur 1	9.298.259	2.544.517
Bankareikningur 2	2.213.488	403.006
Eignir	11.882.625	3.126.704

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	2.727.704	2.569.979
Hagnaður (tap) ársins	8.755.921	157.725
Eigið fé	11.483.625	2.727.704
Skammtímaskuldir		
Aðrar skammtímaskuldir	399.000	399.000
	399.000	399.000
Skuldir	399.000	399.000
Eigið fé og skuldir	11.882.625	3.126.704



Ársreikningur Körfuknattleiksdeild – Meistaraflokkur karla

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Styrkir og gjafir		13.492.860	7.990.015
Styrkur frá Hamar		1.130.000	1.100.000
Tekjur af mótahaldi		5.233.327	641.480
Fjáröflun		4.990.494	2.999.629
Aðrar tekjur		207.568	131.109
Tekjur samtals:		25.054.249	12.862.233
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		316.050	143.975
Áhaldakaup		100.832	15.621
Kostnaður vegna fjáröflunar		995.334	590.340
Þjálfunarkostnaður		13.290.092	6.956.238
Launatengd gjöld		628.097	544.648
Slysatryggingar starfsfólks		242.637	215.192
Ferðakostnaður		2.560.146	1.406.653
Búningakaup		273.513	130.000
Aðkeypt vinna		1.043.031	277.058
Aðildagjöld		3.241.753	694.139
Sjúkrakostnaður		12.559	57.679
Dómarakostnaður		76.065	990.796
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		293.021	354.496
Þjónustu- og vaxtagjöld		98.744	35.418
Annar rekstrarkostnaður		1.735.764	262.546
Afskriftir		0	657.000
Gjöld samtals:		24.907.638	13.331.799
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		146.611	(469.566)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		8.111	502
Fjármagnsgjöld		(1.785)	(1.091)
		6.326	(589)
Hagnaður (tap) ársins		152.937	(470.155)

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Bankareikningur 1	1.802	513.552
Bankareikningur 2	579.960	73.293
Eignir	581.762	586.845

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	(902.675)	(432.520)
Hagnaður (tap) ársins	152.937	(470.155)
Eigið fé	(749.738)	(902.675)
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	250.000	250.000
Skuld við Hamar	1.081.500	921.500
	1.331.500	1.171.500
Skuldir	1.331.500	1.171.500
Eigið fé og skuldir	581.762	268.825



Ársreikningur Körfuknattleiksdeild – Meistaraflokkur kvenna

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlag frá Hamar og Þór		2.635.000	2.250.000
Styrkir og gjafir		2.802.440	2.080.743
Styrkur frá Hamar		166.667	38.917
Tekjur af mótahaldi		554.176	560.039
Fjáröflun		1.938.033	1.527.900
Tekjur samtals:		<u>8.096.316</u>	<u>6.457.599</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		60.000	49.000
Kostnaður vegna fjáröflunar		318.384	797.991
Laun		2.015.622	1.867.970
Þjálfunarkostnaður		1.745.300	1.659.154
Launatengd gjöld		443.230	391.591
Tryggingar		222.587	129.982
Ferðakostnaður		1.083.038	1.112.526
Búningakaup		307.450	173.889
Aðkeypt vinna		280.359	179.670
Aðildagjöld		1.376.430	1.459.287
Sjúkrakostnaður		68.523	43.543
Námskeiðskostnaður		25.000	35.000
Þátttaka í mótum		0	0
Dómarakostnaður		0	24.600
Þjónustu- og vaxtagjöld		931	1.076
Annar rekstrarkostnaður		85.670	454.885
Afskriftir			
Gjöld samtals:		<u>8.032.524</u>	<u>8.380.164</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>63.792</u>	<u>(1.922.565)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		7.919	923
Fjármagnsgjöld		(4.147)	(71.595)
		<u>3.772</u>	<u>(70.672)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>67.564</u>	<u>(1.993.237)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	600.000	560.000
Fjármagnstekjuskattur	203	203
Bankareikningur 1	296.344	268.780
Eignir	896.547	828.983

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	828.983	2.822.220
Hagnaður (tap) ársins	67.564	(1.993.237)
Eigið fé	896.547	828.983
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	0	0
	0	0
Skuldir	0	0
Eigið fé og skuldir	896.547	828.983



Ársreikningur Körfuknattleiksdeild – yngri flokkar

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		1.791.322	1.532.596
Styrkir og gjafir		950.000	0
Styrkur frá Hamar		5.295.831	2.248.428
Fjáröflun		813.204	781.004
Tekjur samtals:		8.850.357	4.562.028
Rekstrargjöld			
Áhaldakaup		0	156.983
Kostnaður vegna fjáröflunar		191.312	0
Þjálfunarkostnaður		4.893.500	4.120.000
Ferðakostnaður		0	50.498
Búningakaup		745.710	0
Aðildagjöld		0	103.944
Námskeiðskostnaður		17.500	72.500
Þátttaka í mótum		169.000	113.000
Dómarakostnaður		453.875	219.200
Þjónustu- og vaxtagjöld		950	950
Annar rekstrarkostnaður		3.500	17.064
Afskriftir		0	385.771
Gjöld samtals:		6.475.347	5.239.910
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		2.375.010	(677.882)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		14.962	2.867
Fjármagnsgjöld		(6.730)	(1.531)
		8.232	1.336
Hagnaður (tap) ársins		2.383.242	(676.546)

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Tækjaeign	142.878	142.878
Viðskiptakröfur	8.000	8.000
Bankareikningur 1	3.505.668	1.658.985
Eignir	3.656.546	1.809.863

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	1.273.304	1.949.850
Hagnaður (tap) ársins	2.383.242	(676.546)
Eigið fé	3.656.546	1.273.304
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	0	536.559
	0	536.559
Skuldir	0	536.559
Eigið fé og skuldir	3.656.546	1.809.863



Ársreikningur Sunddeild

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Æfingagjöld		433.198	899.391
Styrkir og gjafir		208.503	256.297
Styrkur frá Hamar		2.486.671	1.964.597
Fjáröflun		140.880	213.264
Tekjur samtals:		3.269.252	3.333.549
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna móta		4.590	7.832
Kostnaður vegna fjáröflunar		11.408	10.602
Þjálfunarkostnaður		1.540.000	1.812.475
Aðildagjöld		63.409	89.723
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		3.191	
Þjónustu- og vaxtagjöld		20.570	1.119
Annar rekstrarkostnaður		272.620	91.508
Gjöld samtals:		1.915.788	2.013.259
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		1.353.464	1.320.290
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		123.230	24.618
Fjármagnsgjöld		0	0
		123.230	24.618
Hagnaður (tap) ársins		1.476.694	1.344.908

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Fjármagnstekjuskattur	12.329	5.416
Bankareikningur 1	3.831.827	2.405.758
Bankareikningur 2	2.271.608	2.227.896
Eignir	6.115.764	4.639.070

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	4.639.070	3.294.162
Hagnaður (tap) ársins	1.476.694	1.344.908
Eigið fé	6.115.764	4.639.070
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	0	0
	0	0
Skuldir	0	0
Eigið fé og skuldir	6.115.764	4.639.070



Ársreikningur aðalstjórnar

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Hveragerðisbær rekstrarstyrkur		16.000.000	11.000.000
Lottótekjur og HSK		5.350.971	5.529.530
Styrkir frá ÍSí og Laugasport		7.300.000	3.000.000
Tekjur af dúkasölu		122.532	2.909.000
Aðrar tekjur		15.000	867.913
Fjölgreinastyrkur		3.000.000	1.507.500
Tekjur samtals:		31.788.503	24.813.943
Rekstrargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		1.441.743	1.135.348
Fundir og verðlaunaathafnir		307.977	256.865
Annar rekstrarkostnaður		854.365	1.037.332
Auglýsingar og styrkir		0	100.000
Útsendingarþjónusta		35.898	95.728
Aðkeypt vinna		242.970	653.174
Gjaldfærð áhöld og tæki		0	332.091
Úthlutun ársins			
Fjölgreinaverkefni		3.000.000	0
Barna- og unglingasjóður		6.700.000	5.200.000
Meistaraflokkssjóður		5.000.000	3.500.000
Tækjasjóður		1.200.000	900.000
Ferðasjóður		1.000.000	900.000
Afrekssjóður		100.000	75.000
Varasjóður		0	0
Viðbótarúthlutun		7.621.241	10.386.999
Gjöld samtals:		27.504.194	24.572.537
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		4.284.309	241.406
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármagnstekjur		219.060	29.336
Fjármagnsgjöld		(7.820)	(914)
		211.240	28.422
Hagnaður (tap) ársins		4.495.549	269.828

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Tækjaeign	7.000.000	0
Viðskiptakröfur	1.577.077	1.529.037
Bankareikningur 1	15.461.628	16.338.710
Bankareikningur 2	5.775	5.787
Bankareikningur 3	3	3
Eignir	24.044.483	17.873.537

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	7.735.292	7.465.464
Hagnaður (tap) ársins	4.495.549	269.828
Eigið fé	12.230.841	7.735.292
Skuldir		
Viðskiptaskuldir	0	0
Barna- og unglingasjóður	474.772	324.737
Tækjasjóður	3.110.247	2.292.916
Ferðsjóður	3.285.845	2.412.592
Meistaraflokkssjóður	25.000	45.000
Varasjóður Hamars	3.250.000	3.250.000
Afrekssjóður Hamars	1.098.908	1.215.000
Ógreidd laun og launatengd gjöld	568.870	0
Ógreiddur frístundarstyrkur um áramót	0	598.000
	11.813.642	10.138.245
Skuldir	11.813.642	10.138.245
Eigið fé og skuldir	24.044.483	17.873.537



Samstæðureikningur deilda Hamars 2022

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Badminton	Blak yngri flokkar	Blak úrvaldeild	Fimleikar	Karfan Mfl kvk	Karfan yngri flokkar	Karfan Mfl kk	Knattspýrma Mfl kk og kvk	Knattspýrma yngri flokkar	Sunddeild	Allar deildir
Æfingagjöld	658.476	1.312.079	0	4.891.252	2.635.000	0	0	0	15.026.541	433.198	24.956.546
Styrkir og gjafir	0	242.500	4.068.243	0	2.802.440	1.791.322	13.492.860	4.799.731	1.366.258	208.503	28.771.857
Styrkir frá Hamar	2.622.652	2.249.319	1.607.720	4.871.994	166.667	950.000	1.130.000	1.135.400	4.315.611	2.486.671	21.536.034
Tekjur af mótahaldi	0	295.502	399.879	0	554.176	5.295.831	5.233.327	0	2.079.450	0	13.888.165
Fjárföllun	698.160	296.976	296.976	636.434	1.938.033	0	4.990.494	2.444.907	1.796.302	140.880	13.239.162
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0	813.204	207.568	0	410	0	1.021.182
	3.979.288	4.396.376	6.372.818	10.399.680	8.096.316	8.850.357	25.054.249	8.380.038	24.584.572	3.269.252	103.362.946
Kostnaður vegna móta	0	364.009	49.770	0	60.000	0	316.050	880.950	673.194	4.590	2.348.563
Áhaldakaup	0	222.014	0	423.647	0	0	100.832	451.834	225.139	0	1.423.466
Kostnaður vegna fjárföllunar	106.548	16.002	0	154.171	318.384	191.312	995.334	473.403	90.385	11.408	2.356.947
Laun	0	0	0	0	2.015.622	0	0	0	0	0	2.015.622
Þjálfunarkostnaður	2.353.559	2.598.481	3.606.319	6.867.457	1.745.300	4.893.500	13.290.092	1.136.000	12.653.371	1.540.000	50.684.079
Launatengd gjöld	0	0	0	0	443.230	0	628.097	0	0	0	1.071.327
Tryggingar	0	0	0	0	222.587	0	242.637	18.107	0	0	483.331
Ferðakostnaður	5.000	0	579.875	0	1.083.038	0	2.560.146	156.288	158.617	0	4.542.964
Búningakaup	65.210	178.200	230.880	31.550	307.450	745.710	273.513	148.188	271.813	0	2.252.524
Aðkeypt vinna	0	0	0	0	280.359	0	1.043.031	1.872.114	0	0	3.195.504
Aðildagjöld	0	0	418.776	265.950	1.376.430	0	3.241.753	0	0	63.409	5.366.318
Sjúkراكostnaður	0	0	0	0	68.523	0	12.559	288.589	0	0	369.671
Námskeiðskostnaður	0	0	0	0	25.000	17.500	0	0	0	0	42.500
Þátttaka í mótum	679.228	251.000	0	0	169.000	0	0	0	0	0	1.099.228
Dónarakostnaður	0	0	0	0	0	453.875	76.065	17.000	104.000	0	650.940
Skrifstofu- og sjónmunarkostnaður	20.290	0	52.621	80.585	0	0	293.021	24.680	48.455	3.191	522.843
Þjónustu- og vaxtagjöld	6.630	0	7.887	11.475	931	950	98.744	21.590	10.862	20.570	179.439
Annar rekstrararkostnaður	16.247	82.418	1.880.424	417.716	85.670	3.500	1.735.764	1.018.092	1.720.865	272.620	7.233.316
Afskriftir	31.493	0	0	338.594	0	0	0	0	0	0	370.087
	3.284.205	3.712.124	6.826.562	8.591.145	8.032.524	6.475.347	24.907.638	6.506.835	15.956.501	1.915.788	86.208.669
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld											
Fjármagnstekjur	26.991	13.386	10.993	54.174	7.919	14.962	2	57.080	127.850	123.230	436.587
Fjármagnsgjöld	(6.140)	(15.940)	0	0	(4.147)	(6.730)	0	0	0	0	(34.957)
	18.851	(2.554)	10.993	54.174	3.772	8.232	2	57.080	127.850	123.230	401.630
Atkoma ársins	713.934	681.698	(442.751)	1.862.709	67.564	2.383.242	146.613	1.930.283	8.755.921	1.476.694	17.575.907

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023
Tækjaeign	598.358	0	0	142.878	0	0	0	0	0	7.174.524
Vískiptakröfur	60.000	410.691	647.949	8.000	0	888.093	370.878	0	0	2.985.611
Fjármagnstekjuskattur	0	0	0	0	203	0	0	12.329	0	12.532
Bankareikningur 1	2.990.167	1.920.509	369.304	3.505.668	1.802	5.229.041	9.298.259	3.831.827	3.831.827	32.078.811
Bankareikningur 2	1.946	172.819	0	0	579.960	17.504	2.213.488	2.271.608	2.271.608	5.259.216
Bankareikningur 3	1.975	113.543	0	486.334	0	1.576	0	0	0	603.428
Bankareikningur 4	0	0	0	119.979	0	0	0	0	0	119.979
Eignir	3.652.446	2.617.562	1.017.253	11.677.382	896.547	6.136.214	11.882.625	6.115.764	6.115.764	48.234.101

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2023
Eigið fé										
Óráðstafað eigið fé / (jafnað tap)	2.799.714	249.726	1.099.313	8.493.331	828.983	4.205.931	2.727.704	4.639.070	4.639.070	25.414.401
Hagnaður (tap) ársins	713.934	681.698	(442.751)	1.862.709	67.564	1.930.283	8.755.921	1.476.694	1.476.694	17.582.231
Eigið fé	3.513.648	931.424	656.562	10.356.040	896.547	6.136.214	11.483.625	6.115.764	6.115.764	42.996.632
Skammtímaskuldir										
Vískiptaskuldir	138.798	992.949	0	0	0	0	0	0	0	1.381.747
Leiðrétt	0	693.189	0	0	0	0	0	0	0	693.189
Aðrar skammtímaskuldir	0	0	360.691	1.321.342	0	0	399.000	0	0	3.162.533
	0	0	0	0	0	0	399.000	0	0	399.000
Skuldir	0	0	0	0	0	0	399.000	0	0	399.000
Eigið fé og skuldir	3.652.446	2.617.562	1.017.253	11.677.382	896.547	6.136.214	11.882.625	6.115.764	6.115.764	48.234.101



Fjárhagsáætlun 2024 – Íþróttafélagið Hamar

2024

Rekstrartekjur

Hveragerðisbær rekstrarstyrkur	24.500.000
Lottótekjur	5.000.000
Styrkir frá Laugasport	3.000.000
Fjölgreinastyrkur	3.000.000
	35.500.000

Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld	11.000.000
Aðalfundur og formannafundir	400.000
Skrifstofukostnaður	200.000
Annar kostnaður	300.000
Fjárhags og bókhaldskerfi	450.000
Kaup á búnaði og húsgögnum	500.000
Hýsing og sportabler	1.480.000
Aðkeypt vinna	200.000
Fræðsla	250.000
Vaxta og bankakostnaður	5.000

Úthlutun ársins

Barna- og unglingasjóður	6.900.000
Meistaraflokkssjóður	6.000.000
Tækjasjóður	0
Ferðasjóður	300.000
Afrekssjóður	0
Fjölgreinaverkefni	3.000.000
Fjölgreinastyrkur	1.500.000
Uppbygging og/eða aukaúthlutun	3.000.000
	35.485.000

Áætlaður hagnaður 2024

15.000



